

III. Sé um prestspjónustu við stofnun þessa að ræða, þá sé starfi sá af hendi leystur af hlutaðeigandi kyrkjudeildum, eftir samkomulagi og kringumstæðum.

Vér viljum samt sem áður láta þess getið að sú er tilfinning vor alra, að jafnast og sarngjarnast sé, að nefndina hefði skipað jöfn tala manna og kvenna frá öllum þremur kyrkjufélögum. En sá kom þess að kvenfélag Fyrsta Ísl. Lúth. safnaðar hefir þegar lagt fram mikið verk, máli þessu til styrktar, ávitum vér rétt að starfi því sé veitt sarngjörn viðurkenning og félagskonum veitt þau forréttindi að skipa helming nefndarinnar til móts við hin tvö kyrkjufélögin.

Winnipeg, Man., 12. Des. 1912.

Undirritað:

S. B. Brynjólfsson.

Ragnv. Pétursson.

Guðm. Árnason.

J. B. Skaptason.

Var tillögum þessum að lokum svarað neitandi með eftirfylgjandi bréfi.

Winnipeg, 19. Des. 1912.

S. B. Brynjólfsson, Esq.

Winnipeg, Man.

Kæri vin:

Af því ég er, sem stendur, skrifari gamalmennahælis nefndarinnar, var mér falið að svara bréfi þínu, og þeirra sem rituðu undir með þér, áhrærandi samvinnu í málefni því sem nefndin hefir tekið að sér. Hversu fegnir sem við vildum, er það ekki að nemu leyti á valdi okkar að uppfylla þau skilyrði, sem þið settið. Nefndin þessi hefir ekki kosið sig sjálf, heldur hefir kvenfélag Fyrsta Lútherska safnaðar getið henni tilveru. Suma meðlimi hefir kvenfélagið beint kosið, og hinir áttu allir að vera kosnir af þeim sem kvenfélagið kjöri. Í raun og veru má nefndin kannast við dálúttinu formgalla hjá sér, þegar hún um daginn fór, sem nefnd, að gjöra tilraun að bæta tveimur mönnum við tölu sína. Það mál átti algjörlega að vera í höndum kvennanna frá kvenfélaginu, þangað til nefndin væri búin að ná sinni fullu tölu. Til sönnunar því að eg fari rétt með, skal eg benda á fréttagrein í "Sam.", í blaðinu sem kom út í síðast liðnum Maímánuði.

Að ganga að skilyrðum ykkar, væri því að umturna fyrirkomulaginu sem kvenfélagið samþykkti áður en nefndin var til, og hvað þessa nefnd snertir, verður það að skoðast algjörlega *ultra vires*.

Samt þykir okkur skæmt ef þið getið ekki verið með; því við viljum vinna jafnt fyrir alla flokka, og viljum ekki fara í nokkurt manngreinarálit í inntöku manna á stofnunina.

Með vinsemd,

R. MARTEINSSON.

Er máli þessu þá ekki lengra komið en nú er frá sagt.

Skýrslu þessa, og frekari ráðstöfun máli þessu viðkomandi, felur svo nefndin þinginu til framkvæmda.

Virðingarfylst

Ragnv. Pétursson,
skrifari nefndarinnar.
Guðm. Árnason.

S. B. Brynjólfsson.

St. Thorson.

J. B. Skaptason.

Jóh. Sigurðsson.